

REGLUR

um breyting á reglum nr. 1110/2006, um skattmat vegna tekna manna tekjuárið 2007.

1. gr.

Í stað fjárhæðanna „68“, „78,20“ og „98,60“ í kafla 3.1 Frádráttur kostnaðar á móti ökutækjastyrk, kemur: 69,50, 79,90 og 100,80.

2. gr.

Eftirfarandi breyting verður á fjárhæðum vegna dagpeninga innanlands í kafla 3.2 Frádráttur á móti dagpeningum:

| | kr. |
|--|--------|
| Fyrir gistingu og fæði í einn sólarhring | 17.700 |
| Fyrir gistingu í eina nótt | 11.700 |
| Fyrir fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag | 6.000 |
| Fyrir fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag | 3.000 |

3. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 121. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, öðlast gildi og koma til framkvæmda frá og með 1. júní 2007.

Fjármálaráðuneytinu, 29. maí 2007.

F. h. r.

Ragnheiður Snorradóttir.

Ingibjörg Helga Helgadóttir.

B-deild – Útgáfud.: 12. júní 2007